

L Ö G

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi gilda um allt fólk, sem starfar í þjónustu annarra, hvort heldur einstaklinga eða hins opinbera. Ná lög þessi jafnt til þeirra, er taka laun sín í hluta af verðmæti, sem hinna, er taka laun sín í peningum.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sérhver sá, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs ár hvert, einn og hálfan dag fyrir hvern unninn almanaksmánuð á síðasta orlofsári, en orlofsár merkir í lögum þessum tímabilið 15. maí til 14. maí. Telst í þessu sambandi hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími ekki talinn með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt, eða hann er í orlofi.

3. gr.

Í stað „4%“ í 1. mgr. 4. gr. laganna komi: 6%.

Í stað orðanna „í fastri stöðu“ í 4., 5. og 6. mgr. komi: í föstu starfi.

4. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 20. okt. 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. febrúar 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.